

Fjarðalax ehf.
Þorsteinn Másson
Strandgötu 1
465 Bíldudal

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 5. júní 2018
Tilv.: UMH18050070/20-1

Vísað er til erindis yðar, dags. 25. maí 2018, þar sem sótt er um undanþágu frá starfsleyfi fyrir Fjarðarlax ehf. vegna eldissvæðis við Eyri í Patreksfirði. Fram kemur í erindinu að hinn 13. desember 2017 hafi Umhverfisstofnun gefið út starfsleyfi til handa Fjarðarlax ehf. vegna 10.700 tonna ársframléiðslu af laxi í Patreksfirði og Tálknafirði á grundvelli reglugerðar nr. 785/1999. Hinn 22. desember 2017 hafi Matvælastofnun gefið út rekstrarleyfi (FE-1125) vegna sömu starfsemi. Hinn 23. mars 2018 hafi Arctic Seafarm og Fjarðarlax ehf. sent erindi til Skipulagsstofnunar varðandi ákvörðun um matskyldu vegna tilfærslu á tveimur eldissvæðum í Patreksfirði sem séu hluti af þeim svæðum sem höfðu fengu starfs- og rekstrarleyfi sem gefin voru úr í desember 2017. Skipulagsstofnun hafi hinn 11. apríl 2018 úrskurðað að fyrirhuguð breyting á eldissvæðum í Patreksfirði séu ekki líkleg til hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væru því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hafi hafið undirbúning að auglýsingu vegna nýs starfsleyfis. Þar sem gert sé ráð fyrir að setja út seiði þann 5. júní 2018 í Patreksfjörð, áður en auglýsingatími starfsleyfisins er útrunnin óski Fjarðarlax eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi. Fyrirtækið hafi gilt rekstrar- og starfsleyfi á svæðinu og útsetning seiða sé í fullu samræmi við þau leyfi ef frá sé talin lítilsháttar tilfærsla á eldissvæðum. Jafnframt er tekið fram að ástæða tilfærslunnar sé að minnka hugsanleg umhverfisáhrif og bæta velferð eldisfisksins eins og rökstutt er í skýrslu Akvaplan Níva sem fylgdi erindinu.

Í samræmi við ákvæði 3. ml. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar 30. maí sl. með afriti á Heilbrigðisnefnd Vestfjarða. Í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 1. júní 2018, segir að Skipulagsstofnun hafi birt ákvörðun um matskyldu vegna breytinga á svæði Arctic Sea Farm ehf. og Fjarðalax ehf. í Patreksfirði þann 11. apríl 2018 og að það hafi verið mat stofnunarinnar að fyrirhuguð breyting á staðsetningu eldissvæða í Patreksfirði væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun hafi sent inn umsögn vegna ákvörðunar um matskyldu breytingarinnar þann 3. apríl sl. þar sem stofnunin taldi breytingu á eldissvæði ekki breyta afstöðu hennar hvað varðar lífrænt álag enda muni kröfur um vöktun í starfsleyfi haldast óbreyttar. Var það einnig mat stofnunarinnar að breytingin væri ekki líkleg til að auka á lífrænt álag í firðinum heldur væri hún til þess fallin að draga úr neikvæðum umhverfisaðstæðum. Umhverfisstofnun benti á að við ákvörðun Matvælastofnunar um rekstrarleyfi væri tekin afstaða til staðsetningar eldiskvía og nauðsynlegt væri að samræmi væri milli rekstrarleyfis og starfsleyfis hvað það varðar. Leggi stofnunin því til að leitað verði afstöðu Matvælastofnunar eða upplýsinga hvað varðar fram komna beiðni um undanþágu. Fram kemur að Umhverfisstofnun sé með

breytingu á starfsleyfinu í vinnslu og muni auglýsa það fljótlega. Auglýsingartíminn sé fjórar vikur og að auki bætist við vinnslu á innsendum athugasemdum og náist því ekki að afgreiða leyfið áður en áætlað sé að setja seiðin út. Umhverfisstofnun geri ekki athugasemd við að veitt verði undanþága frá starfsleyfi.


Álit Matvælastofnunar barst ráðuneytinu í tölvupósti 4. júní 2018. Þar kemur fram að stofnunin telji að um óverulega breytingu á útgefnu leyfi frá desember 2017 sé að ræða þar sem eingöngu sé um að ræða breytingu á hnitum og dagsetningu áður útgefins leyfis. Breytingin sé jákvæð með tilliti til umhverfisáhrifa og velferðar fisks. Fyrir liggir að Matvælastofnun muni því gefa út breytt rekstrarleyfi verði umbeðin undanþága frá starfsleyfi veitt.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. I-V. viðauka laganna, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr laganna. Ráðherra er heimilt, samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 6. gr., ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi. Fram kemur í gögnum málsins að um er að ræða tilfærslu á eldissvæðum innan svæðis sem nú þegar hefur fengið starfs- og rekstrarleyfi og er tilfærsla innan eldissvæðisins talin vera jákvæð með tilliti til umhverfisáhrifa. Skipulagsstofnun hefur ákvarðað að fyrirhuguð breyting á eldissvæðinu sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum auk þess að Matvælastofnun mun gefa út breytt rekstrarleyfi. Í ljósi framangreinds fellst ráðuneytið á að veita Fjarðarlaxi ehf. undanþágu frá starfsleyfi vegna eldissvæðis við Eyri í Patreksfirði, hvað varðar breytta staðsetningu. Undanþágan er háð þeim skilyrðum að rekstraraðili fylgi ákvæðum í starfsleyfi sem gefið var út fyrir Fjarðarlax ehf., Patreksfirði og Tálknafirði af Umhverfisstofnun 13. desember 2017 og fari að hnitum um nýja staðsetningu sem koma munu fram í breyttu rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

Undanþágan gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1. október 2018.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra



Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Íris Bjargmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Matvælastofnun
Heilbrigðisnefnd Vestfjarða